



154. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn föstudaginn 24. janúar, 2014, kl. 13.00 að Austurvegi 65, Selfossi.

Mætt: Gunnar Þorkelsson formaður, Svanborg Egilsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Valur Bogason (símleiðis), Páll Stefánsson, Pétur Skarphéðinsson, Guðmundur Geir Gunnarsson og Elsa Ingjaldsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi til kynningar og afgreiðslu

a) Starfsleyfi

Lögð fram afgreiðsla af verkfundum HES 22. nóvember, 13. desember 20. desember og 10. janúar sl. þar sem fram kemur m.a. áhættumat og tillaga að gildistíma starfsleyfis.

	Heiti	Ástæða umsóknar	Pnr.	Borg	Ísat flokkun	Áhættumat	Gildistími
1	Kjartan Jóhannsson	Tímab. Leyfi	801	Selfoss	Kökugerð, lítill		21.2.2014
2	Flóahreppur v/ Leikskólinn Krakkaborg hjá Flóaskóla	Tímab. Leyfi	801	Selfoss	Leikskólar með móttökueldhúsi		20.11.2014
3	Byggðasafn Árnesinga - Húsið/Sjóminjasafnið Eyrarb	Húsinu	820	Eyrarbakki	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	Lítið	23.10.2025
4	Guðný Bóel	Ný starfsemi	800	Selfoss	Sent bréf – ekkert leyfi gefið út		
5	Draugasetrið	Br. á starfsemi	825	Stokkseyri	Krá, kaffihús án matsölu	Lítill, DII	27.nóv.25
6	Skógar Gesthús	Eigendaskipti	861	Hvolsvelli	Gistiheimili án veitinga, lítið(heim/bændagisting) allt að 16 gestir		26.nóv.25
7	Heimagisting Hátúni 8	Ný starfsemi	870	Vík	Gistiheimili án veitinga, lítið(heim/bændagisting) allt að 16 gestir		27.nóv.25
8	Hárprýði	Ný starfsemi	870	Vík	Hárgreiðslu- og rakarastofur	Lítill, DII	26.nóv.25
9	South central Guesthouse	Ný starfsemi	800	Selfoss	Gistiheimili án veitinga, lítið(heim/bændagisting) allt að 16 gestir		25.nóv 2025
10	Ellidæy	Laga leyfið	900	Vestm	Útleiga sumarhúsa		9.júl.25
11	Sv.Árborg v./brennuleyfi Eyrarbakka	Tímabundið leyfi	820	Eyrarbakki	Áramótabrenna		31.des.13
12	Sv.Árborg v./brennuleyfi Selfoss	Tímabundið leyfi	800	Selfoss	Áramótabrenna		31.des.13
13	Sv.Árborg v./brennuleyfi Stokkseyri	Tímabundið leyfi	825	Stokkseyri	Áramótabrenna		31.des.13
14	Ölfusgluggar	Ný starfsemi	816	Ölfus	20.30.9.1	Lítill FII	13.des. 2025
15	Einsi Kaldi	Ný starfsemi	900	Vestm			12.ár
16	Kaffi Grund	eigendaskipti	845	Selfoss	Ísat nr.	2 tímar	12 ár

Afgreiðsla á starsleyfisumsóknum nr. 1-16 staðfest í samræmi við afgreiðslu af verkfundi.

b) Umsagnir til sýslumanna

Til kynningar afgreiðsla af verkfundum HES 22. nóvember, 13. desember 20. desember og 10. janúar sl.



c) Umsagnir vegna skipulagsmála

Til kynningar afgreiðsla af verkfundum HES 22. nóvember, 13. desember 20. desember og 10. janúar sl.

d) Sértek starfsleyfi

i) Landsvirkjun v/Búðarháls

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir að gefa út starfleyfið á grundvelli auglýstra starfsleyfisskilyrða.

ii) Efnistaka Bolaöldum

Á auglýsingatíma komu athugasemdir bárust frá:

Umhverfisstofnun, dags. 10. desember 2013

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 20. desember 2013

Meðfylgjandi minnisblað HES vegna athugasemda.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir að gefa út starfleyfið á grunni auglýstra starfsleyfisskilyrða að teknu tilliti til flestra innsendra athugasemda sbr. umræðu á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að upplýsa þá sem skiluðu inn athugasemdum, um afgreiðslu nefndarinnar.

iii) Moltugerð Skaftholti

HES falið að lagfæra drög að starfsleyfisskilyrðum og gefa út sbr. reglur þar að lútandi.

iv) Eldfeldur ehf, loðdýrarækt Snjallsteinshöfða

Lagt fram bréf HES til umsækjenda, dags. 30. desember sl. þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum með starfsleyfisumsókn til að hægt sé að vinna frekar að gerð hennar.

Jafnframt lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis dags. 16. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar varðandi undanþágubeiðni forsvarsmanna Eldfelds ehf. vegna ákvæðis um fjarlægðarmörk.

Farið yfir drög að svarbréfi nefndarinnar til ráðuneytisins vegna málsins.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá drögnum og senda sem umsögn nefndarinnar til Umhverfissráðuneytis.

Jafnframt felur Heilbrigðisnefnd Suðurlands starfsmönnum að vinna að starfleyfisskilyrðum vegna starfseminnar og setja í lögbundið auglýsingaferli ef afgreiðsla Umhverfissráðuneytisins verður jákvæð.

2. Gjaldskrár sveitarfélaga

- a) Gjaldskrár Vestmannaeyjabæjar vegna hunda-, katthalds og sorpmeðhöndlunar – frestað þar til umbeðin gögn frá sveitarfélaginu berast.
- b) Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs fyrir Rangárþing Ytra – frestað þar til umbeðin gögn frá sveitarfélaginu berast.
- c) Gjaldskrár Rangárþings eystra vegna hunda-, katthalds og sorpmeðhöndlunar – Afgreiðsla HES staðfest
- d) Gjaldskrár Hveragerðisbæjar vegna hunda-, katthalds og sorpmeðhöndlunar – Afgreiðsla HES staðfest



- e) Gjaldskrár Grímsnes- og Grafningshrepps vegna meðhöndlunar seyru og sorps-
Afgreiðsla HES staðfest

3. Mál úr eftirliti

a) Lýsi v/tilraunaverkefnis

Lögð fram beiðni Lýsis hf. um tímabundna breytingu á starfleyfi Lýsis hf. v/lýsisvinnslu ásamt verkferilslýsingu dags. 19. desember sl. Breytingin felur í sér að fá að taka á móti slógi og endurvinnna til útflutnings, tímabundið til reynslu í eitt ár. Jafnframt lögð fram drög að svarbréfi HES til fyrirtækisins.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir ofanefnd drög og telur að hið tímabundna tilraunaverkefni rúmist inna núgildandi starfleyfis fyrirtækisins og kalli ekki á breytingar á starfleyfi umfram þau skilyrði sem sett verða fram í svarbréfi HES. Starfsmönnum falið að ganga frá málinu.

b) Kaupás v/Kjarvals Hvolsvelli

Lagt fram bréf HES dags. 15. janúar sl. er varðar eftirfylgniferð embættisins í verslunina Kjarval, Hvolsvelli.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands staðfestir afgreiðslu HES og felur starfsmönnum að fylgja málinu eftir.

4. Lundinn – Dalhraun 6 ehf.

Lagt fram bréf HES dags. 2. janúar sl. til fyrirtækisins vegna fyrirhugðarar áminningar vegna brota á tóbaksvarnarlögum, ásamt bréfum frá sýslumanni í Vestmannaeyjum með afriti af tveimur lögregluskýrslum þar sem ma. koma fram brot á tóbaksvarnarlögum um reykingar á skemmtistað, dags. 20. desember og 3. janúar sl.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkir að veita fyrirtækinu áminningu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

5. Fráveita Árborgar

Lagðar fram til upplýsinga eftirfarandi skýrslur/drög Mannvits vegna fráveitumála í Árborg

- Efnamengun og rennsli í október 2013 – Mæliniðurstöður
- Drög að tillögu (16. des. 2013) að skilgreiningu Ölfusár sem viðtaka
- minnisblað um vöktunaráætlun Ölfusár dags. 15. 12. 2013

Jafnframt lagt fram bréf HES dags. 19. desember sl. vegna skýrslu um mæliniðurstöður í október 2013 og tölvupóstur til sveitarfélagsins dags. 22. janúar sl.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands lýsir ánægju sinni yfir því að unnið sé að tímabærum úrbótum í fráveitumálum hjá sveitarfélaginu.

Í samræmi við 20. grein reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp, skal sveitarfélagið senda tillögur sínar um ákvörðun á flokkun viðtakans, til Umhverfisstofnunar sem leita mun formlegs álits HES á tillögunum. Nefndin hvetur til þess að sveitarfélagið sendi tillögur sínar til afgreiðslu Umhverfisstofnunar sem fyrst.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands væntir þess að vera upplýst um alla áfanga í verkinu auk hinnar formlegu aðkomu um afgreiðslu á framkvæmdaáætlun og hreinsistöð þegar það liggur fyrir.

Svanborg Egilssdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.



6. Veiðifélag Árnesinga

Lagt fram bréf Veiðifélags Árnesinga dags. 9. desember sl. þar sem óskað er eftir upplýsingum frá HES.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands felur framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræðu fundarins.

7. Skýrsla OR v/loftgæðamælinga fyrir árið 2013

Lögð fram til upplýsinga skýrsla verkfræðistofunnar Vistu dags. 9. janúar 2014 um mælingar á H₂S í Norðlingaholti og Hveragerði. Niðurstöður mælinga sýna að styrkur H₂S í andrúmslofti á báðum stöðum, er undir gildandi viðmiðunarmörkum og fór heldur ekki upp fyrir gildandi tilkynningarmörk.

8. Tilboð um innleiðingu á eftirlitskerfi MAST

Lagt fram tilboð um aðstoð frá Matvælastofnun og samstarf við innleiðingu á nýju eftirlitskerfi fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga dags. 6. desember sl., ásamt fylgigögnum.

Framkvæmdastjóri gerði frekari grein fyrir málinu, fór yfir mun á tölvukerfum ofl.

Tilboðið fellst í því að HES taki upp eftirlitskerfið MAST –*Ísleyf*- fyrir matvælafyrirtæki. Gert er ráð fyrir 560 þús kr. kostnaði næstu tvö ár, samtals 1.120 þús og svo hýsingarkostnað í framhaldinu. Sama tilboð er lagt fyrir allar heilbrigðisnefndir. Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur nauðsynlegt að stafsmenn HES skoði málið frekar og leiti eftir samvinnu við önnur heilbrigðiseftirlitssvæði. Nefndin mun því ekki taka afstöðu til tilboðsins að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45

Gunnar Þorkelsson, form.

Svanborg Egilsdóttir

Páll Stefánsson

Unnsteinn Eggertsson

Elsa Ingjaldsdóttir

Guðmundur G. Gunnarss

Valur Bogason